



Leikskólinn Krílakot



Innra mat 2019 - 2020

4. skólaár sameinaðs leikskóla

Table of Contents

Inngangur	5
Nám, kennsla og námsumhverfi	6
Læsi.....	6
Grænfáni	6
Útikennsla	6
Uppbyggingarstefnan.....	7
Umbótaáætlun.....	8
Skipulag	11
Áætlanir og skipulag.....	11
Umbótaáætlun.....	12
Mannauður.....	13
Starfsmannakönnun Dalvíkurbyggðar	13
Starfsmannasamtöl.....	15
Sí- og endurmenntun.....	15
Umbótaáætlun.....	16
Nemendur	18
Nemendavernd.....	18
Heimsóknir þroskaþjálfara og kennsluráðgjafa	18
Líðan nemenda.....	18
Heilsueflandi leikskóli	19
EFI 2	19

TRAS	19
Hljóm 2	19
Stafakönnun	20
Foreldrar	21
Foreldrakönnun	21
Foreldraráð	22
Foreldrafélag	23
Foreldrafundir	23
Umbótaáætlun	23
Sérkennsla skólaárið 2019-2020	25
Skimanir og greiningar	25
Önnur verkefni-sérkennslustjóri	26
Umbótaáætlun	27
Samstarf við aðra skóla og stofnanir	28
Dalvíkurskóli	28
Bókasafn	28
Tónlistarskólinn	28
Fræðsluskrifstofa	28
Heilsugæsla	28
Félagsþjónusta	29
Umbótaáætlun	29
Öryggismál	30

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

Lóðarskoðun	30
Eldvarnaráætlun og æfingar.....	30
Vinnuaðstaða kennara og barna.....	30
Umbótaáætlun.....	31
Lokaorð.....	33

Inngangur

Nú er starfsári númer Fjögur senn að ljúka á Krílakoti en þann 5. ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot og opnaði hann að loknu sumarleyfi í núverandi húsnæði það haust. Heildarstærð húsnæðis er um 931,6 m². Krílakot rúmar um 100 börn í vistun allan daginn. Stöðugildi eru um 27 en starfsmenn eru 32 í mismunandi stöðuhlutföllum.

Einkunnarorð skólans eru Gleði, Sköpun, Þor. Við viljum leggjum áherslu á vinnugleði og sköpun í allri vinnu sem og að efla þor bæði barna og fullorðinna. Uppeldi til ábyrgðar er okkar leið til að efla hvern og einn einstakling, að allir fái tækifæri til að efla sjálfið og finna hvaða aðferðir eða leiðir henta þeim best til náms.

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í framþróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008* er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skólans og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess í starfi. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Hér má sjá mat á skólaárinu 2019 – 2020, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og umbótaáætlun.

Nám, kennsla og námsumhverfi

Læsi

Lögð hefur verið aukin áhersla á læsi undanfarin ár og þetta skólaárið fór mikil vinna í að efla læsi með tilliti til tvítyngis. Við notuðum *Lubbi finnur málbein* til að aðstoða börnin við að læra stafinn sinn og fjölskyldunnar. Með aukinni færni eru mörg börn farin að læra alla stafina og sum jafnvel farin að lesa áður en þau fara yfir á næsta skólastig.

Haustið 2019 voru fengnir tveir í viðbót til að fylgja Lubba verkefninu eftir. Þau sá um að setja staf og orð vikunnar upp þannig að allir séu að vinna að því sama. Einnig hafa verið útbúin verkefni sem tengjast Lubba vinnu eins og t.d. bingó, Kassar með hlutum í ásamt ýmsu fleiru.

Orðaleikur er þróunarverkefni sem við vorum í skólaárið 2019 – 2020, þetta verkefni var unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Orðaleikur er námsefni fyrir börn af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað mál en námsefnið getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna.

Grænfáni

Í daglegu starfi er okkur umhugað um umhverfismál. Við flokkum rusl og gefum hænum lífrænan úrgang. Á vorönn unnum við mjög markvisst að Grænfána markmiðum okkar. Starfsmenn deilda gerðu starfsáætlun út frá markmiðum okkar tengdum Grænfáanum. Nýjum Grænfána var flaggað í fjórða sinn þann 22. febrúar 2019 og stefnt er að því að flagga nýjum fána í febrúar 2021.

Útikennsla

Vorið 2020 eru allar deildir með markvissa útikennslu sem er miðuð út frá aldri barna á hverri deild fyrir sig með tengingu við Grænfána, Uppbyggingarstefnu og Heilsueflandi leikskóla.

Heilsueflandi leikskóli

Ákveðið var að færa sig úr því að vera heilsuleikskóli í að vera heilsueflandi leikskóli þar sem Dalvíkurbyggð er heilsueflandi samfélag. Starfsmenn hafa frá hausti 2019 verið að kynna sér hvað heilsueflandi leikskóli er. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.** Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun, og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni.

Uppbyggingarstefnan

Í vetur hafa starfsmenn verið að þjálfa sig í að vinna samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefnu Dalvíkurbyggðar, *Uppbyggingarstefnunni* (einnig nefnt *Uppeldi til ábyrgðar*). Sú vinna mun halda áfram næsta starfsár. Aðal áherslurnar hafa verið að gera deildarsáttmála, fylgja eftir reglunum okkar, æfa okkur að ganga í röð á göngunum og koma orðum á tilfinningar okkar og hegðun með hjálp litakarlarana. Einnig var gerður starfsmannasáttmáli og tæki uppbyggingarstefnunnar nýtt til þess að stuðla að og ýta undir jákvæð og uppbyggjandi samskipti á Krílakoti.

Stærðfræði

Haustið 2020 munum við taka í gagnið MIO sem er skimun á stærðfræðipekkingu barna á leikskólaaldri. MIO hjálpar til við að átta sig á þeirri stærðfræðifærni sem hvert barn hefur tileinkað sér. MIO hjálpar einnig til við að skipuleggja vinnuna í leikskólanum þannig að barnið þroski áfram skilning sinn á stærðfræði.

Stjórnendur komu á laggirnar faghópum á vor önn 2020 innan starfsmannahópsins sem heldur utan um hvern þátt fyrir sig. Sömuleiðis verður unnið að hverjum þætti samkvæmt námskrá hverrar deildar. Deildarstjórar gæta þess að hverjum þætti sé sinnt innan daglegs starfs.

Umbótaáætlun

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgaðaraðili/a	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Læsi	Lubbi verði daglegur partur af starfi Krílakots	Lubbi sé sýnilegur í leikskólastarfinu	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2020	Að allir viti hver Lubbi er Niðurstöður stafakönnunar
Útikennsla	Að nærumhverfi Krílakots verði í auknum mæli nýtt sem kennslustofa	Kortleggja þá möguleika sem umhverfi skólans býður upp á	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2020	Að kennsluáðferðir í útikennslu sé fjölbreytilegar
Grænfáni	Nýta betur allan efnivið eins vel og hægt er	Passa hvað við skömmtum okkur mikið á diskinn í matmálstímum	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2020	Allir bæði börn og fullorðnir séu meðvitaðir um gildi þess að minnka úrgang

Leikskólinn Kríflakot Gleði – Sköpun – Þor

		Kanna þörf áður en nýtt er keypt Athuga hvort hægt sé að gefa hlutum framhaldslíf áður en þeim er fargað				
Uppbyggingarstefnan	Halda betur utan um hegðunarmál Að allir viðhafi vönduð og góð samskipti	Setja reglur í sameiningu Gera deildarsáttmála Gera starfsmannasáttmála Fá fræðslu frá verkefnastjóra Uppbyggingarstefnu	Allt árið	Allir starfsmenn Starfsmenn deilda Allir starfsmenn Skólastjórnendur	Vor 2020	Allir þekki reglur, sáttmála og leggi sitt af mörkum til að skapa góðan anda í leikskólanum/-vinnustaðnum
Orðaleikur	Verði inni í öllu daglegur starfi í leikskólanum.	Myndir og orð séu sýnileg inn á öllum deildum. Eins og t.d.	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2020	Að flest börn nái að tileinka sér algeng orð sem

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

		dagskipulag og inni í fataherbergi.				unnið er með hverju sinni.
MIO	Verði inni í öllu daglegur starfi í leikskólanum.	Tölur og stærðfærði verkefni aðgengileg fyrir börnin.	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2021	Að flest börn nái að tileinka sér stærðfræði hugtök tengt þeirra aldri.

Skipulag

Áætlanir og skipulag

Mánaðarskrá kemur út á hverri deild um hver mánaðarmót. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og útbúið nýtt í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar. Foreldraráð hefur umsagnarrétt varðandi skóladagatalið.

Föstudagspóstar fara frá öllum deildum til foreldra til að upplýsa þá um starf deildarinnar og hvað sé fram undan. Ákveðið hefur verið að halda sama fyrirkomulagi á skipulagi og hefur verið næsta skólaár og finna skilvirkar leiðir til kynna upplýsingagjafa.

Útbúin voru vinnublöð sem hjálpaði starfsmönnum að skipuleggja starf sitt og tengja við Uppeldi til ábyrgðar, Grænfánann og Heilsueflandi leikskóli. Blöðin voru unninn á stafsmananafundum/starfsdögum af starfsmönnum deilda. Með því gafst öllum tækifæri til að tjá sig um starfið og hafa áhrif á skipulag þess.

Stjórnendur munu fara yfir námsáætlanir og hefja undirbúning komandi skólaárs núna í sumar. Búið er að gera ramma fyrir námskrá hvernar deildar fyrir sig þar sem starf deilda er sett fram á skýran og skipulagðan hátt þannig að þeir sem taka að sér afleysingar geti gengið inn í hópastarf o.fl. Námskrá hvernar deildar verður klár haustið 2020.

Á starfsdegi núna í vor voru starfsmenn settir í hópa tengt þeim verkefnum við erum að vinna með og hver hópur setti upp áætlun með hvernig vinna á að efla hvern þátt fyrir sig. Þessir hópar eru Orðaleikur, Lubbi, Uppbygging, Grænfáni, útikennsla, MIO.

Byggt verður á fyrri reynslu og byggt ofan á það sem vel gekk og sagt skilið við það sem gekk ekki eins vel

Umbótaáætlun








Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Áætlanir og skipulag	Að allar áætlanir séu aðgengilegar annað hvort á heimasíðu eða innra neti	Skerpa línur í vinnubrögðum þannig að allir viti til hvers er ætlast	Haustönn 2020	Skólastjórnendur Deildastjórar	Allt árið	Allar deildir séu með sama form á áætlunum sínum og þær birtar með sama hætti

Mannauður*Starfsmannakönnun Dalvíkurbyggðar*

Rafræn könnun var lögð fyrir starfsmenn í maí 2020 og svarhlutfall var 74% eða 24 starfsmenn af 33. Niðurstöður könnunar (efri tölur í reitum sýna niðurstöður skólaárið 2018 - 2019 og neðri þá 2019-2020). 😊 Nær matsviðmiðum, 😞 nær ekki matsviðmiðum.

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/fr ekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Mér líður vel í vinnunni	80,77% 66,6%	19,23% 33,33%	0% 0%	0% 0%	100% 100%	100% 😊	=	
Mér finnst jákvæðni ríkja í starfsmanna - hópnum	34,62% 50%	61,54% 45,83%	3,85% 0%	0% 4,17%	96,15 95,83	97% 😞	↓	
Ég tel að álag í starfi mínu sé hæfilegt þegar á heildina er litið	38,46% 37,50%	57,69% 29,17%	3,85% 25%	0 % 8,33%	96,15% 66,67%	90% 😞	↓	
Ég sé mig áfram í starfi á þessum vinnustað eftir 3 ár	43,21% 29,17%	46,15% 41,67%	7,69% 20,83%	3,85% 8,33%	89,36 70,84%	90% 😞	↓	
Vinnustaður minn leggur áherslu á gæði í starfi og þjónustu	73,08% 66,67%	26,92% 33,33%	0 % 0%	0 % 0%	100 % 100%	97% 😊	↑	
Á mínum vinnustað eru vinnuaðstæður góðar.	52 % 57,14%	44% 42,86%	0% 0%	0% 0%	100% 100%	95% 😊	↑	

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

Mér finnst gott að leita til yfirmanns minnar stofnunar	84,5% 71,43%	12,5 % 28,57%	0,00%	0,00%	100 % 100%	97% 	=	
Ég leitast við að starfa í anda gilda Fræðslu – og menningarsviðs	Já 92% 100%	Nei 0% 0%	Þekki ekki gildin 7,96% 0%		92% 100%	95% 		
Ég hef farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 18 mánuði	Já 95,83 % 45,86%	Nei 4,17 % 57,14%			95,83 % 45,86%	100% 		Ekki tókst að taka alla í samtöl vegna covid en verða tekinn í september 2020
Á síðustu 12 mánuðum hef ég orðið fyrir eftirfarandi á vinnustað	Einelti 0% 0%	Kynferðis legri áreitni 0% 0%	Fordómum 3,85% 0%	Engu af þessu 96,15% 100%	96,15% 100%	100% 		

Almennt kom könnunin vel út, starfsfólki líður vel í vinnunni og er stolt af vinnustað sínum. Starfsmönnum finnst gott að leita til stjórnenda. Enginn upplifir fordóma né einelti á vinnustaðnum.

Starfsfólk upplifir álag í vinnunni eða um 33,33% og gæta þarf þess að fjöldi starfsmanna/stöðugildi í skólanum séu ætíð til samræmis við barngildi, vistunartíma barna, undirbúningstíma og meta þarf hvað sé eðlileg mönnun miðað við stærð leikskóla til að bregðast við veikinda fjarvistum svo draga megi úr álagi sem þau valda eins og kostur er.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru að hluta fram í febrúar – mars 2020 og náðist ekki að klára sökum covid 19 en áætlað er að klára þau núna í september 2020. Í samtölunum gefst starfsfólki tækifæri til að tala saman um líðan sína og upplifun í starfi.

Sí- og endurmenntun

Allt starfsfólk Dalvíkurbyggðar fékk fræðslu um Nýju persónuverndarlögin „staðan í Dalvíkurbyggð í dag“, kynning á stöðu við jafnlaunavottun, mennskan í kerfinu og svo fyrirlesturinn veldu frá hugarfrelsi á sameiginlegum starfsdegi stofnanna Dalvíkurbyggðar.

Aðstoðarleikskólastjóri er í M.A. námi og stefnir að því að klára námið desember 2020

Einn leiðbeinandi er í leikskólakennaranámi og lauk vorið 2020 sínu öðru ári.

Flestir kennarar fóru á námskeið tengt útikennslu í október 2019.

Auk þessa fóru starfsmenn á námskeið á eigin vegum.

Gerð er sí- og endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2019-2020 og starfsmenn jafnframt hvattir til að leita eftir námskeiðum við hæfi og nýta endurmenntunarstyrki sína til að sækja þau.

Umbótaáætlun

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/a	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Kynna þær stefnur sem við vinnum eftir	Allt starfsfólk verði meðvitað um þær stefnur sem við vinnum eftir	Lesi stefnur yfir og búa til kynningarefni. Starfsfólk saki námskeið ef það á við	Haust 2020	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2021	Að 95% starfsmanna þekki stefnurnar
Gera starfsmanna-sáttmála	Að starfsmenn séu meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan	Lesi eldri sáttmála yfir, ræða og kalla eftir umbótum á honum	Haust 2020	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2021	Að allir starfsmenn þekki og séu tilbúnir til að vinna eftir sáttmálanum
Starfsmanna-samtöl	Gæta þess að allir komist í samtál á tímabili sem getið er um í	Setja fyrstu samtöl á dagskrá í janúar. Gefa hverri deild eina viku í samtölin	Vorönn 2021	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2021	Allir starfsmenn hafi farið í samtál í lok maí 2021

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

	mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar Minnka álag á vinnustaðinn sem samtölin geta valdið ef þau eru tekin á of stuttum tíma					

Nemendur

Nemendavernd



Haldnir eru 5 fundir á ári hjá nemendaverndarráði. Í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, starfsmaður heilsugæslu, þroskajálfi félagsþjónustu og deildarstjórar þeirra nemenda sem eru til umfjöllunar. Ávallt er fengið samþykki foreldra áður en málefni nemenda eru tekin til umfjöllunar.

Heimsóknir þroskajálfa og kennsluráðgjafa

Enginn kennsluráðgjöf var frá skólaþjónustu skólaárið 2019 – 2020. Þroskajálfi frá félagsþjónustu kemur ef leikskólastjóri óskar eftir stuðningi við ákveðin málefni barna.

Líðan nemenda

Nemendur á þremur elstu deildum voru spurðir um líðan sína í leikskólanum. Allir nema einn sögðu að þeim fyndist gaman í leikskólanum, liði vel í leikskólanum og ættu vini.

Skrifaðu X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég á vini í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér líður vel í leikskólanum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Í október stendur þeim foreldum sem það kjósa til boða að koma í viðtöl við deildarstjóra. Allir foreldrar eru boðaðir í árleg viðtöl eftir áramótin.

Þess utan geta foreldrar alltaf þentað viðtal við starfsmenn deilda barna sinna.

Heilsueflandi leikskóli

Kríflakot var að vinna á heilsubraut að verða heilsuleikskóli en ákveðið var að breyta til og verða heilsueflandi leikskóli. Markmið heilsueflandi leikskóla er að leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólasterfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.**

EFI 2

EFI er málþroskapróf ætlað börnum á aldrinum 3,1 – 3,7 ára. Öll börn á aldrinum 3,5 ára fara í EFI próf hjá kennurum skólans. Niðurstöður þessa skólaárs eru að flest börnin komu vel út hvað varðar skilning og tjáningu en það eru þeir þættir sem prófið mælir. Niðurstöður fylgja börnunum milli skólastiga með öðrum gögnum um gengi og þroska.

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuudvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir leikskólakennari á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Markmið með TRAS er að reyna að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Hljóm 2

Hljóm 2 er málþroskapróf sem lagt er fyrir öll börn við aldurinn 4,9 - 6 ára til að kanna hljóðkerfisvitund. Athugunin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með

snemmtæka íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Athuginin er framkvæmd í afmælimánuði barna. Þau börn sem ekki koma vel út í Hljóm 2 eru könnuð aftur í janúar til að athuga með framfarir og hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Stafakönnun

Lögð er fyrir stafakönnun í elsta árgangi Krílakots alls 3x yfir skólaárið. Þar er könnuð þekking á há og lágstöfum og einnig hljóðin sem stafirnir standa fyrir. Könnunin kom afar vel út. Meirihluti barna var komin yfir meðaltal í stafabekkingu í lok haustannar.

Foreldrar

Í skólstarfinu er samvinna við foreldra mikilvægur þáttur. Á haustin þegar skólstarf er að fara af stað eru foreldrar boðaðir á foreldrafundi þar sem skólstarfið er kynnt og einnig er farið yfir áherslur hvarrar deildar. Á haustönn eru svo valfrjáls foreldraviðtöl en á vorönn eru allir foreldrar boðaðir í viðtöl þar sem námsframvinda barnsins og líðan er rædd. Aðkoma foreldra að skólasamfélaginu fer fram í gegnum áður nefnda foreldrasamvinnu, foreldrafélagið og foreldraráð.

Foreldrakönnun

Rafræn foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra í maí 2020. Svörun á könnun var 99%. Foreldri/forráðamenn svara spurningum er snúa að hverjum nemanda fyrir sig og skólstarfinu í heild. Niðurstöður könnunar (efri tölur í reitum sýna niðurstöður skólaárið 2018-2019 og neðri fyrir skólaárið 2019-2020):











Nær matsviðmiðum,



nær ekki matsviðmiðum

Matsspurning	Sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Ósammála	Niðurstaða (sammála/frekar sammála)	Matsviðmið	Jákvætt/ Neikvætt	Athugasemdir
Barninu mínu líður vel í skólanum	89,41% 78,79%	10,59% 21,21%	0% 0%	0% 0%	100% 100%	100%	=	
Ég er ánægð/ur með hvernig er tekið á móti barninu mínu	75,29% 71,72%	21,18% 24,24%	1,18% 4,04%	2,35% 0%	96,47% 95,96%	95%		
Ég er ánægð/ur með hvernig barnið mitt er kvætt þegar það er sótt í leikskólann.	74,12% 72,73%	16,47% 26,26%	5,88% 1,01%	3,53% 0%	90,59% 98,99%	90%		
Mér finnst hæfilegur fjöldi barna á deild barnsins míns.	70,73% 67,35%	23,17% 27,55%	4,88% 5,1%	1,22% 0%	93,90% 94,9%	95%		
Mér finnst upplýsingarflæði frá skólanum gott	Já 90,59% 92,93%	Nei 9,06% 7,07%			90,59% 92,93%	90%		
Hvernig litist þér á ef sett yrði haust- og vetrarfrí eins og er í	62,24%	25,51%	6,12%	6,12%	87,75%	85%		Ný spurning

Leikskólinn Kríflakot Gleði – Sköpun – Þor

Grunnskólanum(tvo daga á haustönn og tvö á vorönn). Fríin yrðu sömu daga og eru í grunnskólanum og foreldrara myndu ekki greiða fyrir dvalar- né fæðisgjald á þessum dögum.								
Ég fer reglulega inn á heimasíðu Kríflakots	Já 54,08%	Nei 28,05% 45,92%			71,95% 54,08%	95% 		
Ég nýti mér Karellen reglulega	Já 80,41%	Nei 19,59%			80,41%	97% 		Ný spurning þar sem Karellen var tekin í notkun haust 2019
Skoðar þú mánaðarskrá á deild barnsins þíns?	Já 78,57%	Nei 21,43%			78,57%	95% 		Ekki spurt um þessa spurningu vor 2019
Skoðar þú skóladagatal Kríflakots?	Já 85,71%	Nei 14,29%			85,71%	85% 		Ekki spurt um þessa spurningu vor 2019
Ég les vikulega pósta frá deildastjórum	Alltaf 80,61%	Oftast 17,35%	Sjaldan 2,04%	Aldrei 0%	97,96%	97% 		

Niðurstöður sýna að allir telja að barninu þeirra líður vel í leikskólanum, einnig þurfum við að skoða hvernig við getum vakið áhuga fólks á því að fara inn á heimasíðu leikskólans til að skoða það sem hún geymir. Karellen er nýtt forrit sem við byrjuðum að nota haustið 2019 og þurfum að kynna það betur fyrir foreldrum haustið 2020. 87,75% foreldra voru hlynt því að sett yrði á haust- og vetrarfrí eins og er í grunnskólanum.

Foreldraráð

Foreldraráð veitir umsögn um skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans. Fundað var þrisvar sinnum skólaárið 2019-2020 í tengslum við skóladagatal næsta skólaárs og farið yfir starf vetrarins.

Foreldrafélag

Fundað er með stjórn foreldrafélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári. Næst verður fundað með stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði í september/október 2020. Farið yfir skipulag varðandi sveitaferð, leiksýningar o.fl..

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru tvisvar á ári, að vori með foreldrum nýrra barna og að hausti með öllum foreldrum. Árlegur haustfundur var í lok september þar sem farið var yfir starf vetrarins. Kosin var ný stjórn foreldrafélagsins og fulltrúar buðu sig fram til starfa í foreldraráði skólans. Ákveðið var að færa fund með foreldrum nýrra barna í Krílakoti í ágúst vegna covid en þessi fundur hefur alltaf verið í maí. Þar er farið yfir starfsemi skólans og foreldrar fá tækifæri til að kynnast hver öðrum og stjórnendum skólans.

Vinna þarf að skilvirkari leiðum til að koma upplýsingum til skila, vera meðvituð um hvernig við tökum á móti börnunum og hvernig við kveðjum þau. Einnig að auka vitund starfsmanna um mikilvægi þess að halda trúnað við foreldra og alla sem að skólanum koma.

Kjósa þarf í foreldraráð á haustfundi 2020 og halda í kjölfarið fundi með ráðinu þar sem fundatímar verða dagsettir fram í tímann. Funda að hausti með foreldrafélagi og leggja línur vetrarins.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Ég hef kynnt mér skólanámskrá Krílakots	Að foreldrar kynni sér skólanámsrá betur	Kynna heimasíðu á foreldrafundi	Haut 2020	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2021	Að allir foreldrar fari inn og skoði

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

		Senda tengil inn á heimasíðuna				
Ég fer reglulega inn á heimasíðu Krílakots	Að foreldrar kíkji reglulega inn á heimasíðu Krílakots	Kynna heimasíðu á foreldrafundi Senda tengil inn á heimasíðuna	Haut 2020	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2021	Að allir foreldrar fari inn og skoði
Ég nýti mér Karellen reglulega	Að fá foreldra til að setja upp appið í síman eða tölvu og fara þar reglulega inn	Kynna Karellen betur á foreldrafundi og aðstoða þá foreldra sem þurfa hjálp við að setja það upp í sínum sínum.	Haut 2020	Skólastjórnendur	Foreldra-könnun 2021	Allir foreldrar kunni að nota appið

Sérkennsla skólaárið 2019-2020

Á Krílakoti hefur verið starfandi sérkennslustjóri frá ágúst 2018. Í sérkennslu er einn starfsmaður fyrir utan sérkennslustjóra í 50% stöðu sem sér um stuðning inn á deildar fyrir erlendu börnin og þau sem eru með hegðunarvanda. Tveir Pólskir kennarar hafa séð um móðurmáls kennslu fyrir pólsk börn 1 sinni í viku í allan vetur. Sérkennslustjóri sem er jafnframt þroskaþjálfari sér um alla aðra sérkennslu..

Skimanir og greiningar

Kennarar og starfsmenn leita til sérkennslustjóra ef grunur um frávík vaknar og þá fer af stað frumgreining sem er síðan send áfram til viðeigandi fagaðila.

Notaðir eru ýmis listar til að frumgreina og sem dæmi má nefna: EFI-2 málþroskaskimun, Íslenski þroskalistinn, TRAS, Orðaskil, ASEBA og ýmsir aðrir greiningarlistar eru lagðir fyrir og niðurstöður þeirra sendir á viðeigandi sérfræðinga sem vinna úr þeim fyrir okkur. Skólaskrifstofa Dalvíkurbyggðar bjó til lista fyrir okkur til þess að fylla inn í áður en við sendum börn til talmeinafræðings og þar getum við séð ef barnið þarf á þeirri þjónustu að halda.

Þegar matslistar koma illa út og talin er þörf á frekari greiningum eða aðstoð er leitað til þjónustuaðila m.a. greinarstöðvar ríkisins. Oft er þó löng bið í slíka þjónustu og leggur leikskólinn sig fram við að vinna strax með barnið út frá þeim niðurstöðum sem skimanir í skólanum sína.

Einn drengur með einhverfu er með 5 klst. stuðning á dag. Stuðningur hans sér um alla hans þjálfun. Þeir fara saman í einstaklingsþjálfun 1x á dag í ca.30 mín í hvert skipti. Á 6-8 vikna fresti eru haldnir teymisfundir með leikskólanum, foreldrum og félagsþjónustu. Sérkennslustjóri sér um handleiðslu fyrir starfsmanninn sem sér um þennan stuðning.

18 tvítýngd börn hafa verið í málörvun hjá sérkennslustjóra í allan vetur 2 x í viku 30 mínútur í senn en 10 tungumál eru töluð í leikskólanum. Einnig eru 7 börn sem hafa verið að hitta sérkennslustjóra 1 sinni til 2 sinnum í viku vegna hegðunar vandamála, þurfa hjálp í félagslegri þjálfun, þau sem koma illa út úr HLJÓM 2 og börn sem eru að kljást við kvíða.

1 barn hefur verið 2 sinnum í viku hjá sérkennslustjóra í sérstakri hreyfi þjálfun í samráði við sjúkraþjálfara.

Önnur verkefni-sérkennslustjóri

Ráðgjöf til starfsmanna er mjög mikil og eru 3 tímar í viku fastir fyrir ráðgjöf en oftast er það meira en það.

Ráðgjöf til foreldra hefur verið töluverð í vetur.

Sér um að leggja fyrir HLJÓM 2 fyrir 5 ára börnin

Sér um að stafakanna öll elstu börnin 3 sinnum frá frá hausti og fram á vor.

Sérkennslustjóri situr í öllum teymum sem búið er að mynda utan um þau börn sem þurfa sérstaka þjálfun eða örvun á leikskólanum, fer því að þeim sökum á mörg foreldra samtöl. Mynduð hafa verið 7 teymi utan um börn sem þurfa á því að halda.

- Sér um að gera einstaklingsáætlun fyrir þau börn sem þurfa
- Sérkennslustjóri situr í nemendaverndarráði og stjórnendateymi leikskólans
- Gerir skýrslur og greinargerðir fyrir sérkennsluna
- Hittir aðra fagaðila í sveitarfélaginu
- situr skilafundi í grunnskólanum vegna þeirra barna sem þurfa sérkennslu
- Fer á námskeið

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Setja upp hvaða matstæki eru lögð fyrir nemendur og hvenær	Betri yfirsýn	Lista upp próf, aldursviðmið og raða börnum niður	Haust 2019	Skólastjórnendur	Vor 2021	Að allir hafi farið í viðeigandi próf á viðeigandi tíma

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Dalvíkurskóli

Skipulagt samstarf er á milli Krílakots og Dalvíkurskóla varðandi elstu nemendur Krílakots. Skipulagðar heimsóknir eru á milli skólanna ásamt öðrum upptákum. Aðilar frá hvorum skóla hittast að vori þar sem samstarfsáætlunin er yfirfarin og samstarf næsta vetrar skipulagt.

Bókasafn

Elstu þrjú árgangarnir fóru vikulega á safnið og stóð samstarfið yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni.

Tónlistarskólinn

Tónlistarkennari kom einu sinni í viku til okkar og var með kennslu fyrir elstu börn Krílakots.

Fræðsluskrifstofa

Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðsluviðs s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni, vettvangsathuganir og fleira. Fræðsluskrifstofa hefur einnig umsjón með skoðanakönnunum til foreldra og starfsmanna í samstarfi við skólann.

Fræðslufulltrúi, og leikskólastjóri funduðu á 2ja vikna fresti veturinn 2019-2020 þar sem farið var yfir stöðu ýmissa mála, einnig fundaði fræðslufulltrúi einu sinni í viku frá febrúar til júní 2020 við aðstoðarleikskólastjóra sem var staðgengill leikskólastjóra ásamt staðgengli aðstoðarleikskólastjóra.

Heilsugæsla

Starfsmaður heilsugæslu situr nemendaverndarráðsfundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðsluviðs um 5 sinnum á ári og oftast eftir þörfum. 2 ½ árs skoðanir og 4 ára skoðanir hjúkrunarfræðings fara ekki lengur fram í leikskólunum þar sem það þykir brjóta gegn nýjum persónuverndarlögum.

Félagspjónusta

Þroskaþjálfari frá félagssviði kemur og fylgist með börnunum eftir þörfum og veitir starfsfólki ráðgjöf. Hann situr í nemendaverndarráði skólans.

Umbótaáætlun

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Samstarf við Tónlistarskólann	Skilvirkari samskipti	Deildarstjóri Hólakots og tónlistarkennari fundi og fari yfir kennsluskipulag	Haust 2020	Skólastjóri og deildastjóri	Vor 2021	Markmið sem sett voru að hausti hafi náðst

Öryggismál

Lóðarskoðun

Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins af Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar.

Starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann.

Árleg lóðarskoðun 2020 hefur ekki farið fram þegar þessi skýrsla var unnin.

Eldvarnaráætlun og æfingar

Brunaæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið árlega. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út brunavarnir skólans á hverju starfsári.

Rýmingaráætlun er tilbúin, Ekki voru haldnar neinar æfingar á skólaárinu.

Vinnuaðstaða kennara og barna

Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og barna og lagfæra og bæta eftir þörfum. Vinnuaðstaða kennara er nokkuð góð en mikilvægt er að endurnýja búnað reglulega.

Búið er að setja hurðir inn klósettin bæði á Hólakoti og Kátakoti þannig að þau geti lokað að sér.

Skoða þarf möguleika á að útbúa „mjúkt“ horn og bæta aðgengi barnanna að efniviði tengdum náttúru og stærðfræði, endurnýja barnastóla á deildum þar sem farið er að flísast upp úr setum margra þeirra.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/a	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Ávallt skal gæta þess að allir öryggisþættir séu í lagi	Búa börnum og starfsmönnum öruggt starfsumhverfi	Kynna brunaáætlun Kynna skyndihjálparnámskeið á netinu fyrir nýjum starfsmönnum Gera við eða fjarlægja hluti sem geta valdið skaða	Alltaf	Allir starfsmenn	Mánaðarlega	Að allir upplifi sig örugga

Mat á starfsáætlun

Samkvæmt starfsáætlun skólans var áætlað að vinna að 18 verkefnum í vetur. Flest þeirra voru verkefni sem unnið hefur verið að um nokkurt skeið og mikilvægt að viðhalda þar sem þau eru stór hluti af leikskólastarfinu. Innleiðing skráningarkerfisins Karellen var eitt af nýjum verkefnum vetrarins, það gekk að mestu leiti vel en eins og oft er komu upp ýmis mál sem þurfti að leysa og gekk heilt yfir vel að finna úrlausnir á þeim.

Þróunarverkefnið Orðaleikur, sem unnið er í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri gekk mjög vel. Markmið verkefnisins er að þróa vefsíðu með námsefni fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað mál.

Ekki gekk eftir að innleiða fjarverusamtöl eins og til stóð en vonandi verður það hægt á komandi skólaári.

Lokaorð

Það er mat aðstoðarleikskólastjóra að skólaárið 2019- 2020 hafi í heildina gengið vel og margt áunnist í að bæta skólastarfið. Áherslur starfsins næsta árið verða að slípa starfsemi Krílakots enn betur og móta. Liður í því er að fara vel yfir alla þætti starfsins og gera það sýnilegra. Haustið 2020 er markmiðið að góð skrifleg gögn um starfsemi hvers mánaðar fyrir sig verði aðgengilegar öllum, þar sem áherslur helstu námsþátta verða dregnar fram. Þessi gögn verða síðan endurmetin í lok hvers mánaðar og gerð áætlun um hvernig gengur og hvernig við ætlum að halda áfram. Einnig munu allir starfmenn í haust fá námskrá fyrir hverja deild til að efla betur faglegt starf á deildum. Það er gaman að segja frá því að öll börn sem fædd eru árið 2019 hafa fengið boð um leikskólaláss í haust.

Ljóst er að verkefnin fram undan eru mörg, krefjandi, fjölbreytt og skemmtileg. Markið komandi skólaárs verður að byggja ofan á þann grunn að farsælu skólastarfi sem lagður var á líðandi skólaári þar sem allir sem að komu, starfsmenn, foreldrar, börn og fræðsluyfirvöld vinna saman að því að byggja upp metnaðarfullt skólastarf sem einkennist af gleði, sköpun og þori.

Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Aðstoðarleikskólastjóri